



Smáorðalisti

Smáorð (myndlaus) til leirunar

Fylgiskjal með fjarnámskeiðinu
HEIMALESTUR

www.heimalestur.betranam.is

Útgáfa 1.2
Maí 2012



Orðaleirun - aðferð

- 1. Veldu eitt orð af handahófi fyrir hvern dag.**
- 2. Gakktu úr skugga um að barni þitt skilji hugtakið**
Ræddu um orðið. Búðu til setningar og notaðu orðið með skilgreiningunni.
- 3. Leiraðu orðið**
Vertu viss um að orðið sé rétt stafað. Notaðu lágstafi - flest orðeru rituð lágstöfum í texta.
- 4. Gerðu leirmynd af hugtakinu sem skilgreiningin lýsir.**
Notaðu hugmyndaflugið. Reyndu að hafa leirmyndina frumlega, jafnvel myndna. Þannig verður það eftirminnilegra.
- 5. Láttu barn þitt útskýra fyrir þér merkingu hugtaksins:**
- 7. Láttu barn þitt lesa orðið.**
Mikilvægt er að barnið *lesi* orðið, ekki er nóg að segja það upphátt.

AUKAÆFINGAR: (valfrjálsar)

- A. Láttu barnið snerta og stafa orðið upphátt.**
- B. Láttu barnið loka augunum, sjá orðið fyrir sér og stafa það upphátt.**
- C. Skrifaðu orðið.**
- D. Rifjaðu orðið upp daglega (skrifað/stafað)**

að

merkir:

- í áttina til, nálgast: Ásta gekk *að* húsinu.
- á staðnum: Hann bjó *að* Ási.
- breytist í: Vatnið varð *að* ís.
- á þeim tíma: Hann fer oft í gönguferð *að* kvöldi dags. Blaðið kemur út *að* morgni.
- eftir: Íþróttamótið verður haldið á Íslandi *að* ári (eftir ár).
- með tilliti til: Lykillinn gengur *að* skránni. Jakkinn er svartur *að* lit.

aðeins

merkir:

- eingöngu: Læknirinn er *aðeins* við á mánudögum.
- ekki meira en: Ég á *aðeins* hundrað krónur.
- ofurlítið: Gefðu mér *aðeins* meira í bollann.

af

merkir:

- í áttina frá: Hann kom strax heim *af* fundinum. Útsýni er gott *af* fjallinu.
- eitthvað sem er ekki lengur á eða áfast: Nonni datt *af* hestinum. Taktu myndina *af* veggnum.
- með: Balinn er fullur *af* vatni.
- frá: Hann er kominn *af* barnsaldri.
- vegna: Hann varð föstur *af* ótta.
- úr hóp: Ein *af* systur hans er læknir.

afar

merkir:

- verulega mikið: Hann er *afar* stór.

aftan

merkir:

- að baki einhverjum, á eftir einhverjum: Hann situr fyrir *aftan* mig. Hann setti pokann fyrir *aftan* sig.
- nær baksíðu (ritverks): Hér að *aftan* eru gefin nokkur dæmi.

Athuga: Orðið *aftann* (merkir 'kvöld') hljómar eins og *aftan*.

aftur

merkir:

- í annað skipti: Bókin var svo spennandi að ég las hana *aftur*.
- á nýjan leik: Hann náði sér aldrei *aftur* eftir veikindin.
- í þá átt sem maður snýr ekki: Bílstjórinn leit *aftur* fyrir sig á veginum.
- í staðinn: Honum var bætt *aftur* tjónið.
- hins vegar: Þið hafið skóg, við höfum *aftur* hverj.

aldrei

merkir:

- ekki nokkurn tímann: Ég hef *aldrei* komið til Noregs.
- ekki undir neinum kringumstæðum: Þóra mun *aldrei* vinna hlaupið.

allir

merkir:

- enginn er undanskilinn: *Allir* eru með í leiknum.

alltaf

merkir:

- eitthvað sem varir um aldur og ævi: Sólin kemur *alltaf* upp í austri.
- stöðugt: Ég er *alltaf* þreyttur.

alltof

merkir:

- ekki hæfilegt: Barninu er *alltof* heitt.

allur

merkir:

- sérhver sá sem á að vera til staðar: Er farangurinn *allur* með?
- heill og óskiptur: *Allur* bekkurinn hefur áhuga á fótbolta.
- gersamlega: Hann er *allur* á burt.

alveg

merkir:

- fullkomlega: Ertu *alveg* búinn að borða?
- alla leiðina: Óla var ekið *alveg* að skólanum.
- virkilega: Þetta er *alveg* stórfínt hjá þér.

andspænis

merkir:

- á móti einhverju: Veggurinn er *andspænis* dyrunum.

annaðhvort – eða¹

merkir:

- annar af tveimur möguleikum: Ég kem *annaðhvort* á morgun eða á laugardaginn.

annar

merkir:

- ekki sá sem um var rætt: Þetta er *annar* maður en þú bentir mér á.
- einn í viðbót: Þar kom *annar* maður.
- einn af tveimur: *Annar* svaf, hinn vakti.

¹Athuga að **annaðhvort** er ritað í einu orði þegar það er hluti samtengingarinnar **annaðhvort - eða**. Fornöfnin **annar hvor** er á hinn bóginn venja að rita í tveimur orðum. *Annað hvort þeirra hlýtur að hafa skrifad bréfið; það hefur verið annaðhvort Jón eða Gunna.*

- númer tvö í röð: *Annar* janúar er dagur númer tvö bæði í janúar og í árinu.
- í viðbót: Hér er enginn *annar*.

annar hver

merkir:

- einn af tveimur í röð: *Annar hver* reitur á skákborði er svartur.

annar hvor

merkir:

- einn af tveimur, óljóst hver: *Annar hvor* keppandinn í einvígínu tapar.

auk

merkir:

- til viðbótar: Páll á stórt hús og *auk* þess sumarbústað.

á

merkir:

- haldið uppi af eða áfast við: Bókin er *á* borðinu. Málverkið hangir *á* veggnum.
- í snertingu við, sem umlykur: Hanskinn er *á* hendinni.
- á yfirborðinu: Hún er með rispu *á* handleggnum.
- staðsett: Húsið er *á* Akureyri.
- innan eftirfarandi tímamarka: Fundurinn var *á* miðvikudegi.
- hreyfing til ákveðinnar staðsetningar: Guðrún fór *á* sýninguna.

Athuga orð sem hljóma eins: Orðið *á* getur einnig merkt:

- vatnsfall: *Áin* rennur eftir dalnum. Lengsta *á* landsins fellur hér til sjávar.
- upphrópun: *Á*, þetta var sárt!
- beygingarmynd (þolfall og þágufall eintölu) af orðinu 'ær': Oft kemur hvítt lamb undan svartri *á*. (Sigga litla systir mín, situr yfir *ánum*)
- beygingarmynd af orðinu 'eiga': Ég *á* hestinn. Hann *á* að syngja.

áður

merkir:

- á undan: Þvoðu þér *áður* en þú borðar.
- fyrir: Ég hef heyrt þetta *áður*.

áfram

merkir:

- fram á leið: Þeir héldu rակleitt *áfram*.
- lengur (um tíma): Ég verð *áfram* í vinnunni.

án

merkir:

- laus við: Þú ferð ekki *án* mín.
- vantar: Þessi bolli er *án* undirskálar.

ásamt

merkir:

- með: Ásta kom *ásamt* systur sinni.

bara

merkir:

- einungis: Það var *bara* ég sem kom.
- svo sem: Þetta er *bara* nokkuð gott hjá þér.

báðir

merkir:

- tveir og hvorugur undanskilinn: *Báðir* strákarnir eru rauðhærðir.

burt

merkir:

- hreyfing frá staðnum: Farðu *burt*.

búa

merkir:

- eiga heima: Afi og amma *búa* í Hlíðunum.
- reka bú: Jón og Ása *búa* stórbúi á Hofi.
- klæða sig í útiföt: Börnin *búa* sig vel því að það er mjög kalt úti.

búinn

merkir:

- hefur lokið verkinu: Hann er *búinn* að lesa bókina.
- ekkert eftir: Maturinn er *búinn*.

bæði

merkir:

- hvort tveggja: Börnin eru bæði ljóshærð.

bæði – og

merkir:

- ekki bara (eitt) heldur líka (annað): Á myndinni er *bæði* bók og blýantur.

eða

merkir:

- seinni valkostur af tveimur: Viltu mjólk *eða* kakó?
- síðasti valkosturinn í upptalningu þegar kostirnir eru margir: Er þetta grænt, gult *eða* rautt?

ef

merkir:

- svo framarlega sem: Ég kem á fundinn *ef* ég get.
- í því tilviki: *Ef* ég væri þú þá myndi ég hætta.

eftir

merkir:

- hreyfing frá öðrum enda í átt að hinum endanum: Bíllinn ók *eftir* götunni.
- vegna: Hann vill ekki fara *eftir* það sem gerðist í gær.
- þegar tíminn er liðinn: Geir kemur *eftir* stutta stund.
- næstur í röðinni: Jónas varð bankastjóri *eftir* Guðmund.
- búinn til af: Bókin er *eftir* Sigurð.
- samkvæmt: Þetta er *eftir* landslögum.
- seinn með tilliti til: Strætisvagninn er *eftir* áætlun.
- ólokið: Guðmundur kemur seint heim því að hann á svo margt *eftir*.

eiga

merkir:

- er skylt: Börnin *eiga* að fylgjast með í skólanum.
- hafa umráð yfir: Þau *eiga* hús og bíl.
- eru foreldrar: Jón og Guðrún *eiga* þrjú börn.
- þurfa að klára: Þau *eiga* mikið eftir.

eigin

merkir:

- sínum: Hann kom á *eigin* bíl.

einhver

merkir:

- nokkurt: Kanntu *einhver* kvæði?
- a.m.k. einn, óljóst hver: *Einhver* af krökkunum spilar fótbolta.

einn

merkir:

- ekki með neinum öðrum: Hann fór *einn* í bíó.
- nokkur: Maður *einn* átti tvær dætur.
- talan (fjöldinn) 1: Hér er bara *einn* strákur.

einnig

merkir:

- auk þess: Einnig er þar að finna upplýsingar.

eins

merkir:

- sams konar: Tvíburarnir eru alveg *eins*.

eins – og

merkir:

- jafnmikið – og: Ertu *eins* stór og frændi þinn?
- til dæmis: Sumir bílar *eins og* Volvo eru framleiddir í Svíþjóð.
- á þann hátt: Gerðu *eins og* ég segi þér.

einungis

merkir:

- ekkert meira: Ég á *einungis* tvo strætómiða.

eitthvað

merkir:

- nokkuð sem er ekki tilgreint eða vitað: Það er *eitthvað* að bílnum mínum.

ekkert

merkir:

- ekki neitt: Það er *ekkert* í pokanum.
- á engan hátt: Þetta er *ekkert* í líkingu við það sem ég hélt að væri hér.

ekki

merkir:

- öfugt við: Ég er *ekki* svangur.

Athuga: Orðið *ekki* getur einnig merkt 'skjálfti, andsog eftir grát'.

en

merkir:

- aftur á móti: Ég er gamall *en* þú ert ungur.
- samanborið við: Hann er stærri *en* þú.
- upphrópun (vá!): *En* hvað það er gaman! *En* hve veðrið er gott!

enda

merkir:

- sem er vegna þess að: Hann syndir vel *enda* æfir hann sig daglega.
- svo framarlega sem: Lögum má breyta á aðalfundi *enda* sé hann lögmætur.

Athuga. Orðið *enda* getur líka merkt að 'ljúka': Flestar sögur *enda* vel.

enginn

merkir:

- ekki nokkur: Þetta er *enginn* vandi.
- ekki: Hann er *enginn* handboltasnillingur.

enn

merkir:

- ekki hættur: Er hann *enn* að tala í símann?
- á nýjan leik: *Enn* er komið haust og skólinn er að byrja.

- meira: Hann er *enn* betri í skák en ég hélt.

er:

- 1. p. et. og 3. p. et. af 'vera' : Ég *er* smiður. Hann *er* smiður.
- sem: Þetta er maðurinn *er* talaði til okkar.
- þegar: Honum hlýnaði *er* hann kom inn.

ég

merkir:

- sá sem talar eða skrifar: *Ég* tala við ykkur á hverjum degi.

fara

merkir:

- hefja ferð: Þau *fara* heim þegar skólinn er búinn.
- hefja framkvæmd: Ég ætla að *fara* að lesa.
- enda: Margar sögur *fara* vel.
- passa: Fötin *fara* mér vel.

fá

merkir:

- eignast: Börnin *fá* alltaf bækur í jólagjöf.
- afhenda: Kennararnir *fá* börnunum mörg verkefni.
- hafa leyfi til: Börnin *fá* að fara í útilegu.

fáeinir

merkir:

- færri en búist var við: *Fáeinir* gestir komu á sýninguna.

fáir

merkir:

- ekki margir: Það eru *fáir* krakkar úti.

finnst

merkir:

- hefur þá skoðun: Henni *finnst* að við ættum að fara heim.
- kemur í leitirnar: Húfan *finnst* vonandi á morgun.

fleira

merkir:

- einnig ýmislegt annað: Hann stundaði viðskipti og *fleira*.

fleiri

merkir:

- meiri fjöldi: Í veislunni voru *fleiri* en búist var við.

fljótt

merkir:

- innan skamms tíma: Komdu *fljótt*.

fornöfn

orð sem koma í stað nafnorða og sérnafna

- Hesturinn hneggjaði => hann hneggjaði.
- Jón var sterkur => hann var sterkur.

fram

merkir:

- hreyfing í áttina til: Hann fór *fram* í eldhús.
- hreyfing í tíma í þá átt sem tíminn líður: Benni svaf langt *fram* á dag.
- stefna í þá átt sem viðkomandi snýr: Þetta snýr *fram* á skipinu.
- hreyfing í þá átt sem viðkomandi snýr: *Fram* til orrustu.

framan

merkir:

- hreyfing frá því að vera framar til okkar sem erum innar: Hann kom *framan* úr dalnum.
- á fyrri hluta tímabils: *Framan* af vetri var enginn snjór.
- á svæðinu sem er framar en framhliðin: Stór garður var *framan* við húsið.
- andlit: Hann þvoði sér í *framan*.

framar

merkir:

- staðsetning sem er nær framenda: Framhjólin á bílnum eru *framar* en afturhjólin. Fyrsti kafli er *framar* í bókinni en annar kafli.
- staðsetning sem er nær upphafspunkti: Jói er *framar* í röðinni en Siggi.

frammi

merkir:

- staðsetning sem er nær framhlið: Hann er *frammi* á ganginum.
- sýnileg og aðgengileg: Skjölín liggja frammi hjá borgarstjóra.

frá

merkir:

- vísar til upphafspunktar ferðar eða hreyfingar: Hann gekk *frá* Kópavogi til Reykjavíkur. Hann færði höndina *frá* andlitinu.
- vísar til upphafspunktar tímaskiðs: Allir kepptust við *frá* morgni til kvölds.
- vísar til upphafspunktar fjarlægðar: Hann stendur langt *frá* mér.

fremst

merkir:

- staðsetning sem er næst framenda: Stefnið er alltaf *fremst* á skipi.
- staðsetning sem er næst lokapunkti: Jói er kominn *fremst* í röðina.

fremstur

merkir:

- að vera næstur framenda: Framstuðarinn er venjulega *fremstur* á bílnum.
- að vera næstur lokapunkti: Sigurvegarinn er venjulega *fremstur* í hlaupinu.

fyrir

merkir:

- til handa: Bókin er *fyrir* byrjendur.
- hvað snertir: Reykingar eru hættulegar *fyrir* heilsu fólks.
- inn á stefnu einhvers: Barnið hjóp *fyrir* bílinn.
- á undan í tíma: Bókin kom út *fyrir* jólin.
- sem afleiðing af: Barnið gat ekkert sagt *fyrir* gráti.
- Staðsetning í ákveðinni stefnu: Jón á heima *fyrir* austan.

fyrir

merkir:

- skemmri tími sem líður: Því *fyrir* því betra!
- áður: *Fyrir* í dag rigndi mikið.

fyrst

- næst upphafi í tíma eða röð: Einu sinni verður allt *fyrst*. Hún var *fyrst* í röðinni.
- eins fljótt og hægt er: Komdu sem *fyrst*.

fyrstur

merkir:

- á undan öllu öðru í röð: Stafurinn A kemur *fyrstur* í stafrófinu.
- á undan öllu öðru í tíma: Hann kom *fyrstur* í mark.

gagnvart

merkir:

- á móti: *Gagnvart* húsinu mínu er póstkassi.
- varðandi: Framkoma þín *gagnvart* mér er óvingjarnleg.

gegn

merkir:

- á móti: Þóra var ein *gegn* öllum.
- inn öðrum megin og út hinum megin: Hann rak þrælinn í *gegn*.

gegnt

merkir:

- á móti: Skólinn er *gegnt* sundlauginni.

gegnum

merkir:

- inn öðru megin og út hinum megin: Örin smaug í *gegnum* vegginn.
- frá upphafi til enda: Hann fór í *gegnum* menntaskólanám þótt hann hefði lítinn áhuga á því.
- með því að nota: Hann keypti vörur *gegnum* félagið. Hann fékk styrk í *gegnum* trúna.
- um: Hann ók í *gegnum* Borgarfjörð.

gera

merkir:

- framkvæma: Nemendurnir *gera* tilraunir í eðlisfræði.
- starfa: Hvað *gera* foreldrar þínir?
- búa til: Amma var vön að *gera* slátur á hverju hausti.

gerast

merkir:

- eiga sér stað: Hér eru miklir atburðir að *gerast*.

geta

merkir:

- eru fær um að: Börnin *geta* vel reiknað öll dæmin.
- skapa: Þau *geta* sér góðan orðstír.
- nefna: Kennarinn bað nemendur um að *geta* heimilda sinna.
- giska á: Þeim finnst gaman að *geta* gátur.

gjarnan

merkir:

- fúslega: Ég vil *gjarnan* hjálpa þér.
- alloft : Hann fer *gjarnan* í bíó á föstudögum.

hafa

merkir:

- vera með: Þau *hafa* vettlinga þegar kalt er úti.
- fá: Þeir *hafa* ánægju af lestri.
- ráða yfir: Verktakarnir *hafa* 20 menn í vinnu.
- eru búnir: Kjartan og Jón *hafa* lesið bókina.
-

hana

merkir:

- persónuna eða hlutinn sem talað er um: Viltu hitta hana?

hann

merkir:

- Hluturinn (KK) eða persónan (KK) sem talað er um: *Hann* er frændi minn.

handa

merkir:

- fyrir: Pakkinn er *handa* Gunnu.

hans

merkir:

- sem tilheyrir þeim sem talað er um: Þetta eru skórnir *hans*.

heim

merkir:

- hreyfing til heimilis eða heimkynna: Halldór fór *heim* til sín. Siggi flutti aftur *heim* til Íslands.
- í samræmi við: Þetta kemur *heim* við það sem ég hef alltaf sagt.

heima

merkir:

- á heimili sínu: Hann er *heima* hjá sér.
- er rétt: Það stendur *heima*.

heiman

merkir:

- burt frá heimkynnum sínum: Hann er farinn að *heiman*.

heldur

merkir:

- frekar: Ég vil *heldur* te en kaffi á kvöldin.
- dálítið: Ég er *heldur* betri af kvefinu.

Ath. orðið *heldur* getur einnig verið 3. p. et. af sögninni að *halda* eða lýsingarorðið *heldur*.

Hann *heldur* á könnunni.

Kassinn er *heldur* og það lekur ekkert úr honum.

hennar

merkir:

- sem tilheyrir þeirri sem talað er um: Bíllinn *hennar*.
- sem er gert af þeirri sem talað er um: Verkið *hennar*.

henni

merkir:

- sem er *handa* þeirri sem talað er um: Segðu *henni* sögu.
- sem er frá þeirri sem talað er um: Bréfið er frá *henni*.

hér

merkir:

- á þessum stað (nálægt þeim sem talar): *Hér* er bíllinn minn.

hérna

merkir:

- á þessum stað sem bent er á: *Hérna* er sagan sem þú átt að lesa.
- sem ég held á: Þessi bók *hérna* er skemmtileg.

hingað

merkir:

- hreyfing á þennan stað (nálægt þeim sem talar): Komdu *hingað*.
- þangað til núna: *Hingað* til hefur enginn getað leikið þetta eftir.

hinn

merkir:

- sá síðari af tveimur sem talað er um: Litaðu annan hringinn grænan, *hinn* gulan.
- einhver einn af ákveðinni tegund: *Hinn* almenni borgari.
- einn ákveðinn úr hópi: *Hinn* fyrsti þessa mánaðar.

hjá

merkir:

- við hliðina á: Bókin liggur á borðinu *hjá* lampanum.
- í vörslu: Peningarnir eru *hjá* mér.

hljóta

merkir:

- munu að öllu óbreyttu: Þau *hljóta* að koma bráðum.
- fá: Hermenn *hljóta* oft sár.

honum

merkir:

- fyrir þann sem talað er um: Segðu *honum* sögu.
- (frá) þeim sem talað er um: Bréfið er frá *honum*.

hún

merkir:

- Hlutturinn (kvk) eða persónan (kvk) sem talað er um: *Hún* er frænka mín.

hvað

merkir:

- nokkuð sem ekki er þekkt: *Hvað* gerðist?

hvaða

merkir:

- hvers konar: *Hvaða* fugl er þetta?

hvaðan

merkir:

- úr hvaða átt: *Hvaðan* kemurðu?
- af hvaða landsvæði: Hann spurði *hvaðan* ég væri ættaður.

hvar

merkir:

- á hvaða stað: *Hvar* áttu heima?

hvenær

merkir:

- á hvaða tíma: *Hvenær* kemur hann?

hver

merkir:

- einn úr hóp sem ekki er þekktur eða skilgreindur: *Hver* verður fyrstur í hlaupinu? *Hver* er leynigesturinn?

Athuga: Orðið *hver* getur einnig merkt 'vatnsuppspretta'.

hvernig

merkir:

- á hvaða hátt: *Hvernig* fórstu að þessu?

hvert

merkir:

- til hvaða staðar: *Hvert* ertu að fara?

hvers

merkir:

- hverju tilheyrir: *Hvers* kyns dýr er þetta?

hversu

merkir:

- hver er fjöldinn: *Hversu* margir komu á fundinn?
- hvernig: *Hversu* vegnar þér?

hvílikur

merkir:

- hvers konar: Hún veit *hvílikur* maður hann er.
- upphrópun: *Hvílik* læti!

hvor

- annar af tveimur sem ekki er þekktur eða skilgreindur. Önnur *hvor* þeirra heldur á bolta fyrir aftan bak. *Hvor* er hærrí, Ása eða Jóna?

hvorki - né

merkir:

- ekki þennan og ekki heldur hinn: Hann vildi *hvorki* tala við mig *né* þig.

hvort

merkir:

- annað af tvennu sem ekki er þekkt eða skilgreint: *Hvort* viltu kaffi eða te?

hvorugur

merkir:

- hvorki þessi né hinn (af tveimur): *Hvorugur* strákurinn fór á fótboltaleikinn.

hægt

merkir:

- ekki hratt: Óli gengur *hægt*.
- mögulegt: Það er *hægt* að fara þessa leið.

inn

merkir:

- farið á afmarkað svæði: Komdu *inn* í stofu.

innan

merkir:

- frá því svæði sem er lengra frá framhlið: Hún kom *innan* úr stofu.
- á svæði sem er afmarkað af: Hestarnir eru *innan* girðingar.
- minna en: Það tekur *innan* við klukkutíma að komast í sumarbústaðinn.

inni

merkir:

- í afmörkuðu rými: Ég er *inni* í stofu.

í

merkir:

- er umlukinn af: Karlinn er *í* frakkanum.
- innan ákveðins landsvæðis: Hann á heima *í* Danmörku.
- hreyfing til ákveðins landsvæðis: Hann fór *í* sveitina.
- innan ákveðins tímabils: Kolbrún heimsótti ömmu sína þrisvar *í* viku.
- innan ákveðins líkamshluta: Hann er föstur *í* andliti.
- innan ákveðins ástands: Hann er *í* vandræðum.

jafn

merkir:

- hvorki meira né minna: Krakkarnir eru *jafngamlir*.
- sléttur: Grasbletturinn er mjög *jafn*.

- er hægt að skipta í tvo hluta með sama fjölda í báðum: 2, 4, 6 og 8 eru *jafnar* tölur.

jafnt

merkir:

- eins mikið: Það er *jafnt* í báðum glösunum.
- stöðugt: Hitastigið hefur verið *jafnt* síðustu daga.

jafnvel

merkir:

- eins vel: Þeir syngja báðir *jafnvel*.
- meira að segja: *Jafnvel* barn gæti gert þetta (þótt það virðist ólíklegt).

já

tjáir samþykkjandi svar í samræmi við spurninguna sem borin er fram:

- vilji: Ætlar þú að koma með? *Já*.
- skoðun: Finnst þér súpan góð? *Já*.
- geta. Kemst þú á morgun? *Já*.
- staðreynd: Heitir þú Jón? *Já*, ég heiti Jón.

jú

merkir:

- samþykkjandi svar í mótstöðu við spurningu eða staðhæfingu sem borin er fram: Ætlar þú ekki að fara? *Jú*. Þú ert ekki nógu sterkur. *Jú*, víst er ég nógu sterkur.

kannski

merkir:

- ef til vill: Ég fæ *kannski* nýtt hjól.

koma

merkir:

- færast hingað: Hundarnir *koma* til mín þegar ég flauta.
- færast samferða: Páll bað Ásu að *koma* með sér út í búð.

konar

merkir:

- eiginleikar sem eitthvað býr yfir: Hvers *konar* hús er þetta?

kringum

merkir:

- hringinn umhverfis: Jón hleypur í *kringum* vatnið.
- nálægt: Þetta kostar í *kringum* 200 krónur.
- í tengslum við: Mikil læti voru í *kringum* framkvæmdirnar.

kunna

merkir:

- hafa vald á: Börnin *kunna* að lesa.

langa

merkir:

- vilja mjög gjarnan: Mig *langar* í ís með súkkulaðisósu.

láta

merkir:

- setja á ákveðinn stað: Þau *láta* eplin í ísskápinn.
- missa: Margir *láta* lífið í bílslysum.
- hegða sér: Stelpurnar *láta* illa.
- hrinda í framkvæmd: Ég ætla að *láta* gera við bílinn.

látast

merkir:

- þykjast: Þeir *látast* vera veikir.
- deyja: Margir *látast* úr hjartasjúkdómum.

lengi

merkir:

- langan tíma: Við bjuggum *lengi* á Húsavík.

líður

merkir:

- þjáist: Sjúklingurinn *líður* miklar kvalir í veikindunum.
- umber: Nágranninn *líður* ekki mikinn hávaða.
- hreyfist hægt áfram: Skipið *líður* fram hjá.
- streymir fram hjá: Tíminn *líður*.
- miðar áfram: Hvað *líður* þér með verkið?
- „almennt ástand“ : Mér *líður* vel.

líkar

merkir:

- vera ánægður með: Mér *líkar* ekki þessi litur á húsinu.

líka

merkir:

- einnig: Hann söng og lék *líka* á hljóðfæri í boðinu.

margir

merkir:

mikill fjöldi: *Margir* horfðu á leikritið.

margur

(stigbeygist svona: margur - fleiri - flestur)

merkir:

- meira en lítil fjöldi: *Margur* maðurinn hefur brennt sig á því að aka of hratt.

með

merkir:

- samferða: Komdu *með* mér heim.
- í samskiptum við: Vertu *með* mér.
- notaðu til þess: Skrúfaðu skrúfuna *með* skrúfjárninu.
- sem félagi í: Hún syngur *með* kórnum.
- samhliða: Það kólnaði *með* vetrinum.
- hefur: Hún á kjól *með* rauðum tölum.
- hefur hjá sér: Ertu *með* bókina?

meðal

merkir:

- innan um: Illgresi óx á *meðal* blómanna.
- í hópi: Íslendingar eru *meðal* þátttakenda.
- miðlungs: Hann náði *meðal*rangri í prófinu,

Athuga: Orðið *meðal* getur einnig merkt 'lyf'.

meðan

merkir:

- þann tíma sem eitthvað gerist: Bíddu *meðan* ég tala við manninn.

meðfram

merkir:

- eftir hlið einhvers: Stór skurður er *meðfram* veginum

mega

merkir:

- hafa leyfi: Börnin *mega* ekki synda í vatninu.
- magna: Þau *mega* ekki til þess hugsu ef eitthvað hendir þig.

milli

merkir:

- á bilinu sem aðskilur: Dalurinn á *milli* Fossvogs og Kópavogs.
- hreyfing frá einum stað til annars: Skipið sigldi *milli* hafna á Austurlandi.
- frá einum aðila til annars: Samningur var gerður *milli* tveggja ríkja.
- frá einum tíma til annars: Heimsóknartími læknisins er *milli* 1 og 4.
- með hluta fyrir hvern og einn: Mamma skipti kökunni *milli* krakkanna.
- annaðhvort eða: Þú verður að velja á *milli* súkkulaði og karamellu.

minn

merkir:

- til að tákna eitthvað sem ég á eða bý yfir (1. persóna) Bíllinn *minn*. Hæfileiki *minn* til að syngja.

mjög

merkir:

- miklu meira en í meðallagi: Kjóllinn er *mjög* fallegur.

móti

merkir:

- í áttina að: Glugginn snýr *móti* suðri.
- snýr framhlið sinni að framhlið hins: Skólinn stendur *móti* kirkjunni.
- í andstæða átt: Það var erfitt að hjóla á *móti* vindinum.
- til að jafna upp: Á *móti* gjöldunum koma tekjur.
- andsnúinn: Flokkurinn var á *móti* frumvarpinu.
- þegar þú hreyfist í átt að einhverju sem hreyfist til þín: Barnið hljóp á *móti* foreldrum sínum.

munu

merkir:

- gerðist sennilega í fortíðinni: Börnin *munu* hafa verið þreytt því að þau sofnuðu strax.
- gerist í framtíðinni: Þau *munu* komast að sannleikanum síðar.

ná

merkir:

- geta gripið: Stína vill *ná* í skottið á kisu.
- skilja: Ég vil *ná* því sem þú ert að segja.

neðan

merkir:

- frá lægri stað til hærri: Hann gekk *neðan* frá sjónum.
- staðsetning sem er lægri: Bærinn stendur *neðan* við lækinn.
- undir yfirborði: Fiskar lifa *neðan* sjávar.

nei

tjáir neitandi svar í mótstöðu við spurningu sem borin er fram.

- *Nei* getur merkt: ég vil ekki, ég get ekki, það er ekki þannig.
- undrun (þegar þú uppgötvar að eitthvað er ekki eins og þú hélt): *Nei*, hugsa sér!

neinn

merkir:

- nokkur maður (oftast notað með orðinu ekki): Hér er ekki *neinn*.

neitt

merkir:

- nokkuð (oftast notað með orðinu ekki): Ég veit ekki *neitt* um þetta mál.

nema

merkir:

- að undanteknum: Allir *nema* ég.
- án þess að: Ég geri það ekki *nema* þú komir.
- annað en að: Hver veit *nema* bókin sé týnd.
- meira en: Hann er ekki *nema* fimm ára.

Ath. Orðið *nema* getur líka verið sagnorð sem merkir:

- taka burt: Sumir vilja *nema* lögin úr gildi (fella lög úr gildi).
- taka sér til eignar: Landnámsmennirnir komu til að *nema* land.
- stoppa: Bílstjórnarnir eiga að *nema* staðar.
- læra: Börnin *nema* reikning.

né

merkir:

- ekki heldur: Ég sá hvorki hann *né* hana.

niðri

merkir:

- á lægri stað: Hann er *niðri* við ána (andheiti: *uppi*).

niður

- frá hærri stað til lægri staðar: Barnið hljóp *niður* brekkuna.

Ath. Orðið *niður* getur einnig merkt 'kliður': Þungur *niður* var í ánni.

nokkuð

merkir:

- eitthvað: Sérðu þarna *nokkuð*?
- dálítið: Þetta var *nokkuð* gott hjá þér.

nokkur

merkir:

- persóna eða hlutur sem er ekki nafngreind eða þekkt: Var *nokkur* þarna inni?
- neinn: Hvergi var *nokkur* maður.

nógur, nægur

merkir:

- það magn sem þarf: Það er *nógur* matur fyrir alla.

nú

merkir:

- á þessari stundu (sem þetta er sagt): *Nú* eru þeir í sundi.
- tjáning á undrun (með spurningu): *Nú*, er hann farinn?

nær

merkir:

- í minni fjarlægð: Stína er *nær* veggnum en Dísá.
- Er nógu langur til að snerta: Plankinn *nær* yfir á hinn bakkann.

- skilur: Hann *nær* því sem þú ert að segja.

næstum

merkir:

- ekki alveg: Stína er *næstum* eins há og Dísá.

of

merkir:

- meira en hæfilegt er: Þetta er *of* mikið handa mér.

ofan

merkir:

- niður: Myndin datt *ofan* á gólf.
- á þeirri hlið sem snýr upp: Kletturinn er grasi vaxinn að *ofan*.
- hærra en: Sólin er fyrir *ofan* skýin.

ofan

merkir:

- niðri: Hann var með berar hendurnar *ofan* í köldu vatninu.
- hreyfing af hærri stað; niður: Hann svipti sænginni *ofan af* mér.
- hreyfing úr hærri stað; niður: Hann vatt sér *ofan úr* rúminu.
- í snertingu við efri hluta: Hún hafði ekkert *ofan á* sér í kuldanum.
- fyrir innan: Vaknaði þá kerling í rúminu fyrir *ofan* karl sinn.
- staðsetning beint yfir einhverju: Myndin er *fyrir ofan* skápinn.

ofar

merkir:

- hærra en: Við flugum *ofar* skýjum.

oft

merkir:

- mörgum sinnum: Ólafur fer *oft* til útlanda.

og

merkir: (orð sem tengir saman tvö orð eða setningar)

- ásamt því; til viðbótar því: Grettir var stór *og* sterkur.
- þar af leiðandi: Jói sparkaði boltanum í rúðuna *og* hún brotnaði.
- plús (í reikningi): Tveir *og* tveir eru fjórir.
- líka; einnig: Það vil ég *og* gera.

okkar

merkir:

- sem tilheyrir þeim sem talar og hans hópi: Bíllinn *okkar*.
- sem er framkvæmt af þeim sem talar og hans hópi: Verkið *okkar*.

okkur

merkir:

- þann sem talar og hans hóp: Viltu hitta *okkur*?

sama

merkir:

- eins og annað sem er talað um: María ætlar að fá vanilluís og ég ætla að fá það *sama*.
- skiptir ekki máli: Mér er *sama* hvorn valkostinn við veljum.

sami

merkir:

- eins: Það er *sami* litur á kjólunum.

saman

merkir:

- í hóp: Vinkonurnar voru *sex saman*.
- samfellt: Hann hefur ekki komið hingað dögum og vikum *saman*.
- í eina heild: Hún límdi brotin *saman*.
- þannig að snertist: Bílarnir skullu *saman*.

samt

merkir:

- þrátt fyrir það: Hún lítur út fyrir að vera glöð en *samt* er hún áhyggjufull.

sá

merkir:

- persónan eða hluturinn sem talað er um: Sá maður, sem kom, heitir Jón.
- þvítíkur: Ég var *sá* asni að trúá þér!

segja

merkir:

- tala: Hvað varstu að *segja*?
- skipa: Þeir *segja* starfsfólkinu að flýta sér.
- fara með frásögn: Amma og afi *segja* börnunum oft sögur á kvöldin.

sem

merkir:

- tilvísun á nánari skýringu: Maðurinn, *sem* við hittum, er frændi minn.
- eins og: Kjöllinn var rauður *sem* blóð.
- í hlutverki: *Sem* vinur þinn segi ég þér að þú þarft að vanda þig.
- jafnskjótt og: *Sem* hann sá þetta hljóp hann í burtu.

setja

merkir:

- láta eitthvað á einhvern stað: Nemendurnir eiga að *setja* bækurnar aftur upp í hillu.
- ákveða: Það kom ekki á óvart að Alþingi skyldi *setja* ný lög í gær.
- opna formlega: Í næstu viku á að *setja* skólann.
- gera ráð fyrir: *Setjum* sem svo að þú farir í ferðalag ...

setjast

merkir:

- fá sér sæti: Vilt þú ekki *setjast* í stólinn?
- hverfa á bak við sjóndeildarhringinn (þegar talað er um sólina): Sást þú sólina *setjast* í gærkvöldi?

sérhver

merkir:

- enginn undanskilinn: *Sérhver* íbúi sveitarinnar hefur farið til Reykjavíkur.

síðan

merkir:

- eftir það: Jón var veikur síðustu viku en *síðan* batnaði honum.

síðar

merkir:

- seinna: Fundur verður haldinn í næstu viku eða *síðar* ef nauðsyn krefur.

sjaldan

merkir:

- ekki oft: Ása fer *sjaldan* í leikhús.

sjálfur

merkir:

- enginn annar en viðkomandi: Ég gerði þetta *sjálfur*.

slíkur

merkir:

- af þessari tegund: *Slíkur* samningur hefur ekki verið gerður áður.

snemma

merkir:

- nálægt byrjun tímabils: Jónas fór *snemma* á fætur.

strax

merkir:

- undir eins: Komdu *strax* að borða.

stundum

merkir:

- annað slagið: *Stundum* fær Palli að fara í bíó.

sumir

merkir:

- nokkrir úr hópi: *Sumir* nemendur vilja læra frönsku.

sumt

merkir:

- ótilgreindur hluti af því sem talað er um: *Sumt* verður seint skilið.

svo

merkir:

- þannig: *Svo* er sagt.
- því næst: *Svo* fór ég.
- það mikið: Hún er *svo* veik að hún kemur ekki.
- þannig að: Talaðu hærra *svo* að ég heyri til þín.
- mjög (áhersla): Ég varð *svo* glaður.

svona

merkir:

- með þessum hætti: Haltu *svona* á blýantinum.
- slíkir; eins og þessir: *Svona* menn eru þreytandi.
- nokkurn veginn: Mér líður *svona* þolanlega.

taka

merkir:

- grípa: Þú þarft að *taka* í hurðarhúninn til að geta opnað hurðina.
- fjarlægja: Viltu *taka* glasið af borðinu.
- ná valdi yfir: Hermennirnir *taka* borgina.
- þiggja: Umsækjandinn ætlar að *taka* starfinu.
- ferðast með: Nemendurnir *taka* strætó í skólann.
- ljósmynda: Þau *taka* oft myndir á sumrin.
- veita eftirtekt: Nemendurnir *taka* vel eftir í tímunum.

til

merkir:

- í áttina (um stefnu): Ég sný til austurs.
- hreyfing sem endar á ákveðnum stað: Margir fara *til* Reykjavíkur.

handa: Bréfið er *til* Jóns.

- þangað til: Fram *til* jóla verður mikið að gera.
- Í viðbót: Það þarf tvo *til*.
- á milli: Tímaritið kostar þrjú hundruð *til* fjögur hundruð krónur.
- á undan: Viðtalstími læknisins er frá klukkan eitt *til* fimm.

um

merkir:

- sem snertir allan hringinn: Hún hefur klút *um* höfuðið.
- víðs vegar á: Leikföngin liggja *um* gólfið.
- því sem næst: Það eru *um* 200 metrar héðan út í næstu búð.
- meðfram: Hann sigldi austur *um* Ísland.
- inn öðrum megin og út hinum megin: Leið þeirra lá *um* Hafnarfjörð.
- yfir tiltekið tímabil: Hvar verður þú *um* jólin?
- lýsing á tilteknu málefni: Bókin er *um* fugla.

umfram

merkir:

- auka: Þegar þvottinum var skipt var ein húfa *umfram*.
- meira en: Skuldirnar hans eru langt *umfram* eignir.
- frekar: Hann vildi *umfram* allt geta komist heim til sín.

umhverfis

merkir:

- allt í kring: *Umhverfis* húsið er girðing.

undan

merkir:

- burt frá því að vera undir: Rektu hundinn *undan* borðinu.
- frá: Skipið er langt *undan* landi.
- afkvæmi: Folinn er *undan* hryssunni.
- eftir: Hesturinn er feitur *undan* sumrinu.
- vegna: Ég er með hæsæri *undan* skónum.
- fyrr í tíma: Hann kom á *undan* þér.
- frá: Þau flúðu *undan* lögreglunni.

undir

merkir:

- fyrir neðan: Settu töskuna *undir* borðið.
- í námunda: Það er skjól *undir* veggnum.
- rétt á undan: Hann sofnaði *undir* kvöldið.
- fyrir: Hann las *undir* prófið.
- minna en: Hann er *undir* 70 kíló.
- á meðan eitthvað stendur yfir: Hann sofnaði *undir* ræðunni.
- í: *Undir* þessum kringumstæðum vil ég ekki fara burt.

uns

merkir:

- þar til: Maðurinn hljóp *uns* hann hné niður.

upp

merkir:

- á hærra stað: Hann klifraði *upp* stigann.
- úr lægri í hærra stöðu: Áhorfendur stóðu *upp* í lok sýningar.
- eftir: Hann ætlar í frí *upp* úr páskaum.
- algerlega: Allt nestið var borðað *upp*.

utan

merkir:

- úti: Fjúga hvítu fiðrildin *fyrir utan* gluggann.
- nema: Allir fóru *fyrir* utan mig.
- til útlanda: Dóttir þeirra fór *utan*.
- ringlaður: Hann var ekki lítið *utan* við *sig* í dag.
- óviðkomandi: Þetta er *utan* við aðalefni bókarinnar.
- inn: Hann kom að *utan*.

úr

merkir:

- hluti sem er skilinn frá heildinni: Tveir *úr* hópnum fóru aðra leið.
- vegna: Margir deyja *úr* þessum sjúkdómi.
- myndaður af: Kassinn er *úr* fjöllum.
- uppruninn frá: Þessi maður er *úr* Reykjavík.
- frá því að vera í einhverju: Jón var rifinn upp *úr* rúminu.
- ekki lengur í: Drengurinn er *úr* hættu.

Ath. *Úr* getur einnig merkt 'lítil klukka' (armbandsúr eða vasaúr).

út

merkir:

- hreyfing eða stefna frá stað sem er innan við á stað sem er utan við skilrúm: Fólkið fór *út* úr kirkjunni. Hann horfði *út* úr hellinum.
- algerlega (ekki lengur til). Eldurinn dó *út*.
- yfir: Hún helkti mjólk *út* á grautinn.
- afskekktur: Bærinn er *út* úr.
- burtu frá vanalegum stað (heimili eða vinnu): Við fórum *út* að borða.

vegna

merkir:

- sem afleiðing af: Fundinum var frestað *vegna* veðurs.

vel

merkir:

- eins og til er ætlast: Vinnan gengur *vel*.
- ríkulega: Þú búa *vel*.

- mjög: Ég er ekki *vel* góður til heilsunnar.
- fullkomlega: Þú veist *vel* af hverju ég gerði þetta.
- mikið: Hrærðu súpuna *vel*.

vera

merkir:

- taka pláss: Láttu bækurnar *vera* á borðinu.
- hafa það ástand. Bollinn er sagður *vera* brotinn.
- eiga sér stað í tíma: Fundurinn átti að *vera* klukkan fjögur í dag.
- starfa sem: Hann vill *vera* læknir.
- hefur þann eiginleika: Hún vildi *vera* dökkhærð.

Ath. *vera* getur verið nafnorð sem merkir:

- dvöl, vist, það að *vera* til staðar í ákveðinn tíma: *Veru* minni er lokið hér.
- eitthvað sem er lifandi: Maðurinn er æðsta *vera* jarðarinnar.
- raunveruleiki: Í raun og *veru*.

verða

merkir:

- gerast: Á morgun *verða* truflanir á rafmagni vegna framkvæmda.
- breytast í: Mjólkurvörurnar *verða* súrar ef þú geymir þær í hita.
- dveljast: Afi og amma *verða* hér fram á þriðjudag.
- þurfa: Allir *verða* að *vera* búnir að skila verkefnum í næstu viku.

við

merkir:

- nálægt í rými, hjá: Sestu *við* eldinn.
- nálægt í tíma: Þau komu *við* sólsetur.
- sem viðbragð gagnvart: Taktu lýsi *við* kvefinu.
- gegn: Þú skalt ekki rífast *við* hann.
- öfugt við fyrri stefnu: Við snerum við og fórum heim.
- með stuðning frá: Hann gengur *við* staf.

við

merkir:

- sá sem talar eða skrifar og hans hópur. *Við* erum vinir.

vilja

merkir:

- hafa sterka löngun til: Þau *vilja* fara í bíó í kvöld.
- eiga erindi: Hvað var hún að *vilja*?

yfir

merkir:

- staðsetning fyrir ofan: Myndin hangir *yfir* skápnem.
- til þess að hylja: Breiddu sængina vel *yfir* þig.

- lengur en: Helgi svaf *fram yfir* hádegi.
- í gegnum: Lestu *yfir* námsefnið aftur.
- Hreyfing frá annarri hlið til hinnar; í gegnum svæðið sem er fyrir ofan: Stökktu *yfir* lækinn.
- meira en: Þetta kostar *yfir* 1000 krónur.
- í gegnum tímabilið: Nágrannarnir eru á Spáni *yfir* veturinn.

ykkar

er útfærsla af *þið* sem notað er í eignarfalli og merkir:

- sem *þið* hafið gert: Vinnan *ykkar*.
- sem *þið* eigið: Skórnir *ykkar*.

ykkur

er útfærsla af *þið* sem notað er í þolfalli og þágufalli og merkir:

- sem *þið* eigið að fá: Pakkinn er handa *ykkur*.
- hóp sem þú ert hluti af: Talaði kennarinn við *ykkur*?

ýmis

merkir:

- margs konar: Hann skoðaði *ýmis* söfn.
- fleiri en tvö en ekki mörg (ótilgreind): *Ýmis* atriði voru röng í fréttinni.

ýmiss konar

merkir:

- af mörgu tagi: Gripið verður til *ýmiss konar* ráðstafana.

ýmist – eða

merkir:

- að hluta til eitt – að hluta til annað: Páll er *ýmist* í fótbolta *eða* handbolta. Barnið *ýmist* hló *eða* grét.

það

merkir:

- (má nota í stað hvorugkyns nafnorðs 3. persónu) eitthvað sem hefur verið nefnt fyrir í setningunni: Ég keypti nýtt hjól í fyrra og *það* hefur reynst vel.
- eitthvað sem verður nefnt síðar í setningunni: *Það* er óvíst hvort hann er heima.
- Eitthvað sem talað er um en ekki er nefnt með nafni: *Það* (veðrið) snjóar. *Það* (andrúmsloftið) er heitt hérna. *Það* (ástandið) er allt í lagi.

þaðan

merkir:

- frá þeim stað: *Þaðan* er fimm tíma gangur í skálann.
- frá þeim upphafsstað í tíma: *Þaðan* eru 12 dagar til jóla.

þangað

merkir:

- á þann stað: *þangað* fer enginn nema hann neyðist til.
- til þess tíma þegar; þar til: Hún borðaði *þangað til* hún varð pakksödd.

þannig

merkir:

- á þann hátt: *þannig* áttu að gera þetta.
- slíkur; þvílíkur: *þannig* maður.

þar

merkir:

- á þeim stað: Ég las tvo kafla í bókinni og hætti *þar*.
- þegar þú segir það: *þar* hefur þú rangt fyrir þér.
- einmitt núna: *þar* fór rafmagnið!
- vegna þess að: *þar sem* þú komst ekki urðum við að aflýsa skemmtuninni.

þarna

merkir:

- á þeim stað sem bent er á. *þarna* liggur bókin sem ég gleymdi.

þá

merkir:

- á þeim tíma: *þá* vorum við ung.
- næst í tíma: Veislunni var lokið og *þá* fórum við.
- næst í röðinni: Húsið mitt er á horninu og *þá* kemur hús nágrannans.

þótt

merkir:

- þrátt fyrir að: *þótt* bíllinn minn sé ekki stór rúmar hann fimm persónur.

þú

merkir:

- persónan sem talað er við: *þú* hefur staðið þig vel.

því

merkir:

- af þeirri ástæðu: Ég er seinn *því* ég svaf yfir mig.

þvílíkur

merkir:

- tjáir hrifningu þegar notað er sem upphrópun: *þvílíkt* lostæti!
- eins og það sem um var rætt: *þvílíkur* maður getur verið varasamur.

æ

merkir:

- um alla tíð: Þau lifðu hamingjusöm æ síðan.
- upphrópun (hljóð, oftast til að tjá vonbrigði eða svipaðar tilfinningar):
Æ, hvað það var leiðinlegt!

ætla

merkir:

- hefur ákveðið: Hann *ætla*r að baka köku á morgun.